

Mál nr. 315/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar eiganda vínveitingastaðar.****Ágreiningur um bótaskyldu er maður meiddist á trépalli fyrir utan vínveitingastað.****Gögn.**

Málskot, móttækið 23.8.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 1.10.2021.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti kveðst M hinn 31. mars 2019 hafa verið staddur á vínveitingastaðnum A í eigu fyrirtækisins B. Hafi hann þá farið út á viðarpall fyrir utan A til að hringja í félaga sinn. Á meðan á símtalinu stóð hafi hann gengið um pallinn og í einu skrefinu sem hann tók hafi hann stigið í gegnum fjöl á pallinum með þeim afleiðingum að hann hafi orðið fyrir meiðslum m.a. á ökkla, hné og úlnlið. Af þessum sökum hafi hann orðið óvinnufær eftir slysið. Hinn 5. apríl sama ár sendi M að því er virðist smáskilaboð til A þar sem hann upplýsti A um atvikið. Þar kom fram að atvikið hafi gerst er klukkan var rúmlega tvö eftir miðætti fyrrgreindan dag þegar pallurinn hafi brotnað undan honum og hann dottið með annan fótinn í gegn og orðið fyrir meiðslum eins og að framan greinir. Kveður M að pallurinn hafi ekki verið í nægilega góðu ásigkomulagi sem hafi orðið til þess að fjölin gaf sig undan honum þegar hann gekk um pallinn. Hefur V krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

V kveður að samkvæmt upplýsingum frá B hafi starfsfólk á staðnum séð M stökkva niður af borði eða handriði sem væntanlega hafi orðið til þess að fjöl í pallinum hafi gefið sig. Sé því hafnað sem ósönnuðu og ótrúverðugu að pallurinn hafi gefið sig við það að M hafi staðið á honum. Það hafi verið fyrst morguninn eftir sem starfsfólk á staðnum hafi tekið eftir að pallurinn var brotinn. Hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en M hafi yfirgefið A án þess að gera starfsfólki staðarins viðvart um meiðsl sín. Þá verður heldur ekki ráðið að vitni hafi orðið að því atviki er M kveðst hafa stigið í gegnum fjölin á pallinum. Engin gögn liggja fyrir í málinu sem sýna fram á pallurinn hafi verið vanbúinn eða á annan hátt stafað hætta af gólfjöllum pallsins fyrir gesti staðarins. Þá verður ekki ráðið að starfsfólk A hafi mátt gera sér grein fyrir að meiðsl hafi hlotist af skemmdum í pallinum þegar það varð skemmdanna vart daginn eftir þannig að þeim hafi borið að gera viðhlítandi ráðstafanir til að láta fara fram hlutlausu rannsókn á orsökum skemmdanna. Verður samkvæmt framangreindu ekki talið að sýnt hafi verið fram á að slysið verði rakið til vanbúnaðar pallsins, hættulegra eiginleika hans að öðru leyti eða annarra atvika sem B sem eigandi A getur borið ábyrgð á. M telst því ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 9. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.